

Re: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss Kópaskeri

Búið til	6.7.2021 13:36:39
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.7.2021 13:36:38
Tilheyrir	202106-0003 - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss Kópaskeri

Efni

Re: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss Kópaskeri

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.7.2021 13:36:38	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdis@nordurthing.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0003 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurbings dags. 1. júní 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta tillögu að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri deiliskipulagsbreytingu tengt fiskeldisstöðinni Rifósi þann 14. október 2020. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir nýju deiliskipulagsbreytinguna sem snýr að lítils háttar stækkun og breytingum á byggingarreitum í gildandi deiliskipulagi. Líkt og í fyrri umsögn gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna en leggur áherslu á að öllu raski verði haldið í lágmarki og allar mengunarvarnir eins og góðar og mögulegt er sem og umgengni á svæðinu, enda svæðið innan núgildandi náttúruminjaskrár, nr. 537, Röndin við Kópasker, og innan mikilvægs fuglasvæðis, sjá Melrakkaslétta | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/node/16123>).

Einnig er vísað í nýlega umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun eldistöðvarinnar dags. 12. maí 2021.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir" <sigurdis@nordurthing.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss Kópaskeri
Date: 1.6.2021 13:42:57

Góðan dag

Óskað er eftir umsögn vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurlands að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík og/eða í tölvupósti á netfangið nordurthing@nordurthing.is (<mailto:nordurthing@nordurthing.is>) fyrir 16. Júlí 2021.

Fylgiskjöl

1. Auglýsing um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri
2. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Uppdráttur og greinargerð á einu A1 blaði.

[Þessi póstur kemur einungis rafrænn nema að óskað sé eftir öðru.](#)

Kveðja

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurlands | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100

Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer (<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

